

September 1965

2

Fréttabréf

Kjararannsóknarnefndar

FRÉTTABRÉF

2

Kjararannsóknarnefnd er þannig skipuð
1 september 1965:

Björgvin Sigurðsson (formaður)
Björn Jónsson
Helgi Bergs
Sigurvin Einarsson
Þorvarður Alfónsson

Efnisyfirlit:

1. Visitala raunverulegra launa

Skýrt er frá samkomulagi, sem Kjararannsóknarnefnd náði, um grundvöll fyrir útreikninga launavísitölu, neytluvísitölu og vísitölu raunverulegra launa. Birt eru bréf frá aðildarsamtökum þeim, sem að Kjararannsóknarnefnd standa, þar sem þau lýsa sig samþykkt þessum grundvelli.

2. Vinnulaun og vinnutími í Reykjavík 1964

Fjallað er um launastatistik 1964, er nær til verkamanna og nokkurra iðngreina í Reykjavík. Þar eru upplýsingar um vinnulaun og vinnutíma, samsetningu vinnutímans (dvst., evst., nvst.) og breytingar á vinnulaunum og vinnutíma frá 1963.

3. Töflur um launastatistik

- Tafla I. Vinnulaun og vinnustundir verkamanna 1964.
Tafla Ið. Sundurliðun á lið c í töflu I 1964.
Tafla II. Vinnulaun og vinnustundir verkamanna 1963.
Tafla III. Hlutfallsleg skipting vinnutímans 1963 og 1964.
Tafla IV. Árslaun 1963 og '64 sundurliðuð í dvl., evl. og nvl.
Tafla V. Hlutfallsleg skipting árslauna 1963 og '64 í dvl., evl. og nvl.
Tafla VI. Samanburður á vinnutíma 1963 og 1964.
Tafla VII. Samanburður á dagvinnu og næturvinnu 1963 og 1964.
Tafla VIII. Samanburður á árslaunum og tímakaupi 1963 og 1964.
Tafla IX. Vinnulaun og vinnustundir iðnaðarmanna 1964.
Tafla X. Samanvegin vinnulaun og vinnustundir 5 iðngreina 1964.
Tafla XI. Skipting árslauna iðnaðarmanna í dvl., evl. og nvl. 1964.
Tafla XII. Hlutfallsleg skipting árslauna og vinnutíma iðnaðarmanna í dv., ev. og nv. árið 1964.

4. Um þróun útflutningsins 1962-'65

Skýrt er frá þróun 15 tegunda útflutningsvöru, sem er nær 90% útflutningsins þessi ár, breytingum á magni og verði ár frá ári, og þær breytingar mældar með vísitölum. Fjórar töflur fylgja greininni.

Tafla I, sýnir útflutningsverð pr. kg. mánuðina jan.-júní 1962-'65 og verðvísitölur.

Tafla II, sýnir útflutningsverð pr. kg. allt árið 1962-'64 og verðvísitölur.

Tafla III, sýnir útflutningsmagnið árin 1962-'64 og magnvísitölur.

Tafla IV, sýnir "tekjuvísitölur" umræddra 15 tegunda útflutningsvöru 1962-'64.

5. Bréf,

sem Kjararannsóknarnefnd hefur sent þeim aðilum, sem beðnir eru að leggja til upplýsingar í launastatistik nú og framvegis.

Vísitala raunverulegra launa

Kjararannsóknarnefnd ræddi á nokkrum fundum í febrúar og marz sl. nauðsyn þess, að farið yrði að nota vísitölu til að mæla þróun raunverulegra launa frá ári til árs. Í marzlok varð samkomulag í nefndinni um grundvöll fyrir útreikning slíkrar vísitölu. Með bréfi, dags. 2. apríl, var þessi samkomulagsgrundvöllur lagður fyrir þau samtök, sem að Kjararannsóknarnefnd standa, og samþykkis þeirra leitað.

Fer þetta bréf og svör samtakanna hér á eftir:

Reykjavík, 2. apríl 1965.

Kjararannsóknarnefnd hefur rætt á allmörgum fundum í febrúar og marz s.l. nauðsyn þess að reikna út vísitölu launa og vísitölu raunverulegra launa, og möguleika á að vinna það verk á þann veg, að launþegar og vinnuveitendur gætu orðið á eitt sáttir um að nota þær vísitölur sem mælikvarða á þróun kaupgjalds frá ári til árs. Raunhæft gildi slíkra mælikvarða, sem hér um ræðir, felst í því, að þeir séu viðurkenndir af báðum aðilum sem tæki til að meta breytingar frá ári til árs. Markmiðið er að stuðla að aukinni kyrrð og jafnvægi á vinnu- markaðnum og hagfelldari þróun þeirra mála, þegar yfir langan tíma er litið, en miklar og tíðar sveiflur og hörð átök hafa að jafnaði í för með sér mikið tjón í nútíma þjóðfélagi.

Nefndin hefur rætt málið á þeim forsendum, sem nú skal greina. Um verkefni Kjararannsóknarnefndar segir svo í samþykktum nefndarinnar: "Höfuðverkefni Kjararannsóknarnefndar er að vera samtökum launþega og vinnuveitenda til ráðuneytis í hagfræðilegum efnum, er máli skipta, við gerð kjarasamninga."

Í samræmi við þetta hefur nefndin þegar hafið söfnun gagna um launastatistik á grundvelli úrtaksrannsókna, og er að því stefnt, að með tímanum verði launastatistik hér komið í hliðstætt horf og nú er og hefur verið að undanfögnu á Norðurlöndum.

Með hliðsjón af þessu og framanrituðu um "höfuðverkefni Kjararannsóknarnefndar", virðist þá einnig sjálfsagt, að launastatistik hér verði eins og á Norðurlöndum notuð til að reikna út vísitölu launa og vísitölu raunverulegra launa. Slíkar vísitölur eru að sínu leyti mælikvarði á þróun launa eins og verðlagsvísitala er mælikvarði á þróun verðlags á tilteknum vörum.

Engar vísitölur eru í sjálfu sér fullkominn mælikvarði á það, sem þær eiga að mæla, en örugglega ættu mælikvarðar eins og vísitala launa og vísitala raunverulegra launa að geta komið að verulegu gagni við gerð kjarasamninga og afmarkað slíkum umræðum raunhæft svið. Er því ekki auðvelt að benda á, að Kjararannsóknarnefnd gæti með öðru og áhrifameira móti aðstoðað samtök launþega og vinnuveitenda við gerð kjarasamninga, en með því að reikna út framangreindar vísitölur og birta þær síðan, helst ársfjórðungslega.

Hér er um að ræða mikið vandaverk, og það getur vissulega tekið nefndina nokkurn tíma að ganga svo frá, að hún telji sig geta birt það opinberlega. Er því full ástæða til að hefjast sem fyrst handa um að vinna að þessu verkefni.

Aður en sú vinna yrði hafin, er nauðsynlegt, að nefndin nái samkomulagi um ákveðnar skýrgreiningar, sem nota verður, og semji um ákveðin atriði, sem í þessu sambandi skipta verulegu máli, og að þau samtök, sem að nefndinni standa, séu fyrir sitt leyti samþykkt þeim niðurstöðum eða beri fram breytingar, sem samkomulag getur orðið um.

Öllilegt má telja, að við skýrgreiningar á þeim hugtökum sé í höfuðdráttum fylgt þeim reglum, sem notaðar hafa verið á Norðurlöndum, og þar staðizt dóm reynzlunnar. Þar sem hér er verið að finna mælikvarða til að mæla þau laun, sem vinnuveitendur greiða launþegum, og þróun þeirra, leiðir það af skýrgreiningunni, að tekjur af t. d. eigin íbúð, vaxtatekjur, tekjur barna, fjölskyldubætur, tekjur konu o.sv.frv. verða ekki taldar með, þegar reikna á út vísitölu launa (nominallönnsindeks). Á sama hátt leiðir það af skýrgreiningunni á hugtakinu neyzluvísitala (konsumprisindeks), að þar verður ekki tekið tillit til skatta, sem ekki leggjast beint á vöruverð.

Fyrst í stað, og meðan viðkomandi aðilar eru að öðlast reynzlu af þessu vísitölufyrirkomulagi og statistiskri upplýsingasöfnun, mætti telja ráðlegt að reikna út vísitölur, bæði fyrir vegið meðaltímakaup og sammingsbundið tímakaup. Einnig mætti reikna þessar vísitölur út fyrir t. d. eftirtalda starfshópa:

- a) Verkamenn.
- b) Ófaglærða iðnverkamenn.
- c) Faglærða iðnaðarmenn (sveina).
- d) Sjómenn.
- e) Konur (verkakonur, iðnverkakonur o.sv.frv.)

Á framangreindum forsendum hefur Kjararannsóknarnefnd einróma samþykkt að senda yður meðfylgjandi tillögu. Eru það vinsamleg tilmæli nefndarinnar, að þér látið í ljós álit yðar á því, hvort samtök yðar muni geta fallist á tillögunum sem viðunandi grundvöll fyrir þeim vísitöluútreikningum, sem stefnt er að með henni, eða hvort þau teldu einhverra breytinga þörf, og þá hverra.

Væntir nefndin svars yðar við fyrsta tækifæri.

Virðingarfyllst,
Kjararannsóknarnefnd.

Samkomulag um grundvöll að vísitölu launa,
neyzluvísitölu og vísitölu raunverulegra launa.

- a) Laun skulu í þessu sambandi tákna vinnutekjur (peningatekjur) verkafólks, sem tekur laun samkvæmt kjarasamningi við vinnuveitendur.
- b) Vísitala launa skal reiknuð sem meðaltal launa (sbr. a) ákveðinna hópa verkafólks með grunntölu sama ár og framfærsluvísitala. Tölur í þessa vísitölu skulu fundnar með statistiskri athugun á launum viðkomandi aðila (launastatistik). Þá skal fundið með statistiskri athugun, hvernig vega skuli launin með fjölda einstaklinga í hinum mismunandi launaflokkum til þess að finna þau meðallaun, sem launavísitalan byggist á. Skal vísitalan viðurkennd af nefndinni sem mælikvarði á þróun launa (sbr. a) frá ári til árs (ársfjórðungs). Samkvæmt framanrituðu verður launavísitalan þá aðeins mælikvarði á vinnutekjur (peningatekjur) verkafólks, sem tekst að afla statistískra upplýsinga um, og mælir ekki aðrar tekjur, né gildir sem mælikvarði fyrir aðra starfshópa.
- c) Neyzluvísitala skal merkja vísitölu, sem sett er saman úr eftirtöldum liðum framfærsluvísitölu Hagstofu Íslands. I. Matvörur. II. Hiti, rafmagn o. fl. III. Fatnaður og

álfavara. IV. Ymsar vörur og þjónusta. Til viðbótar I-IV í framfærsluvísitölu skal taka sem lið V í neyztuvísitölu eftirtalda liði, sem telja má fasta liði í neyztu hvers manns: Sjúkrasamlagsgjald, kirkjugjald (sóknargjald), almannatryggingargjald, námsbókagjald og afnotagjald af útvarpi. Þessir liðir voru í vísitölu frá 1939, og er til athugunar að taka þá inn aftur sem sérstakan lið. Í neyztuvísitölu er eðlilegt að telja þá með.

- d) Um húsnæðislið í neyztuvísitölu er samkomulag í Kjararannsóknarnefnd um eftirfarandi:
1. Að hafa samband eða samstarf við Kauplagnefnd um þá athugun á húsnæðiskostnaði í Reykjavík, sem nú er verið að framkvæma með neyzturannsókn Hagstofu Íslands. Verði Kjararannsóknarnefnd sammála um, að niðurstöður þessarar athugunar megi teljast viðhlýtandi, skal húsnæðisliður í neyztuvísitölu reiknast á sama hátt og gert verður í hinni nýju framfærsluvísitölu, sem nú er í undirbúningi.
 2. Verði af einhverjum ástæðum horfið frá því ráði að reikna út grundvöll nýrrar framfærsluvísitölu, eða ef Kjararannsóknarnefnd verður ekki sammála um, að í því sambandi hafi tekist að leysa húsnæðislið þeirrar vísitölu á viðunandi hátt, telur Kjararannsóknarnefnd ekki ástæðu til að ætla annað, en að húsnæðiskostnaður breytist frá ári til árs á svipaðan hátt og þeir liðir, sem taldir eru upp hér að framan (c-liður), ef miðað er við þróun undanfarinna ára, og litið yfir langan tíma. Skal þá ekki reiknað með sérstökum húsnæðislið í neyztuvísitölu. Verði þessi leið valin, er um það fullt samkomulag í nefndinni, að hækki t. d. húsbýggingarvísitala meira en framfærsluvísitala, eða ef húsnæðiskostnaður verður lækkaður verulega með opinberum ráðstöfunum, eða með öðrum hætti, beri að meta slíkar breytingar til hækunar eða lækkunar á neyztuvísitölu og leiðréttu neyztuvísitöluna í samræmi við það.
- e) Vísitala rauverulegra launa skal reiknast eftir formúlunni (skv. framangreindum skýrgreiningum):

$$V_r = \frac{V_l}{V_n} \times 100$$

Þar sem V_r er = vísitala raunverulegra launa. V_l er = vísitala launa og V_n er = neyzluvísitala.

Bréf frá aðildarsamtökunum:

Reykjavík, 24. maí 1965.

Kjararannsóknarnefnd
Skólavörðustíg 12
Reykjavík.

Vér vísum til bréfs yðar, dags. 2. apríl s.l., og tillögu til samkomulags um vísitölu launa, neyzluvísitölu og vísitölu raunverulegra launa, sem með því fylgdi.

Viljum vér tjá yður samþykki vort við tillöguna, þar sem vér teljum, að um sé að ræða mjög mikilsverða viðleitni til þess að skapa nauðsynlegan mælikvarða á þróun kaupgjalds frá ári til árs.

Ekki sjáum vér ástæðu til að gera neinar tillögur um breytingar á þeim grundvelli sem gert er ráð fyrir í tillögunni.

Virðingarfyllst,
Vinnuálasamband samvinnufélaganna
Guðmundur Ásmundsson
(sign.)

Reykjavík, 25. maí 1965.

Kjararannsóknarnefnd
Skólavörðustíg 12
Reykjavík.

Vér höfum mótttekið heiðrað bréf nefndarinnar, dags. 2. apríl s.l., varðandi vísitöluútreikninga, er nefndin hyggst láta gera.

Vér höfum athugað tillögu yðar og samþykkt fyrir vort leyti grundvöll þann, sem nefndin leggur til.

Virðingarfyllst,
Vinnuveitendasamband Íslands
Björgvin Sigurðsson
(sign.)

Reykjavík, 1. júní 1965.

Kjararannsóknarnefnd
Skólavörðustíg 12
Reykjavík.

Miðstjórn Alþýðusambandsins hefur á nokkrum fundum rætt tillögur þær, sem Kjararannsóknarnefnd sendi oss til umsagnar, og samþykkti miðstjórnin á fundi sínum í gær tillögurnar fyrir sitt leyti sem grundvöll vísitölu launa, neyzluvísitölu og vísitölu raunverulegra launa.

Leggur miðstjórnin áherzlu á, að fundinn verði sem allra breiðastur og öruggastur grundvöllur undir þær statistisku athuganir, sem byggt verður á, og áskilur hún sér rétt til að krefjast endurskoðunar á þessum vísitöluútreikningum, ef hún telur forsendur hafa breyzt eða eitthvað á skorta, að vísitölurnar séu byggðar á réttlátum og traustum grundvelli.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
Alþýðusamband Íslands
Hannibal Valdimarsson
(sign.)

Reykjavík, 3. júní 1965.

Kjararannsóknarnefnd
Skólavörðustíg 12
Reykjavík.

Vér vísum til bréfs yðar, dags. 2. apríl 1965, þar sem óskað er eftir álitum samtaka vorra á því, hvort þau geti fallið á tillögu yðar um grundvöll fyrir vísitöluútreikning raunverulegra launa.

Stjórn F.I.I tók bréf yðar fyrir á stjórnarfundum í gær og samþykkti fyrir sitt leyti að fallast á áður nefnda tillögu.

Virðingarfyllst,
Félag íslenskra iðnrekenda
Þorvarður Alfonsson
(sign.)

Vinnulaun og vinnutími í Reykjavík 1964I. Verkamenn

Upplýsingar þær, sem hér fara á eftir, eru byggðar á úrtaksrannsókn, sem nær til 21 fyrirtækis í Reykjavík og 851 manns (verkamanna og iðnaðarmanna), sem unnu ýmist allt árið, eða nær allt árið, hjá sama vinnuveitanda. Ef viðkomandi starfsmaður vann ekki allt árið hjá sama vinnuveitanda, var upplýsinga um viðbótartekjur hans aflað af skattaframtali hjá Skattstofu Reykjavíkur. Er því ekki ástæða til að ætla annað, en að úrtaksrannsókn þessi sýni allar árstekjur þeirra manna, sem hún nær til. Í úrtakinu eru sömu fyrirtæki og leitað var til 1962 og 1963, en hinsvegar ekki eingöngu þeir menn, sem unnu á sama vinnustaðnum öll árin. Ef þeirri reglu væri fylgt að láta rannsóknina aðeins taka til sömu manna nokkur ár í röð, yrði úrtakið fljótlega svo lítið, að það gæti gefið beinlínis villandi upplýsingar. Upplýsingar um vinnutíma voru ekki fyrir hendi varðandi tekjur manna nema á aðalvinnustað. En þar sem þessar viðbótartekjur voru hlutfallslega litlar, var sú leið valin að áætla þennan vinnustundafjölda með því að ganga út frá því, að meðallaunin á vinnustund væru hin sömu á báðum stöðum. Heildarvinnustundafjöldanum utan aðalvinnustaðar var síðan skipt í dagvinnu-, eftirvinnu- og næsturvinnustundir í sömu hlutföllum og á aðalvinnustað. Þar sem hér er um mjög lítinn hluta teknanna að ræða (1-2%), veldur þetta ekki teljandi skekkjum. Að þessu sinni nær úrtakið til nokkru fleiri verkamanna en árin 1962 og 1963, eða 659 á móti 306, og er ætlunin að stækka úrtakið þannig eftir því sem tæk eru á. Þetta þarf ekki að hafa áhrif á samanburðinn á vinnutíma og vinnulaunum frá ári til árs, ef vegið er með sama fjölda milli starfsgreina öll árin eins og gert verður hér á eftir. Þá virðist óhjákvæmilegt að skipta þeim, sem vinna eftir kjarasamningi Dagsbrúnar í þrjá meginhópa:

1. Þá, sem stunda alla almenna verkamannavinnu.
2. Aðstoðarmenn við fagvinnu.
3. Bifreiðastjóra og aðra stjórnendur véla og tækja, sem ekki eiga þessi tæki sjálfir.

Alit kunnugra manna, stutt af athugun á skiptingu vinnuvikna, vegna atvinnuleysistrygginga, bendir til að veða megi framangreinda hópa saman á þennan hátt:

1. Almennir verkamenn	55%
2. Aðstoðarmenn við fagvinnu	20%
3. Stjórnendur véla og tækja	<u>25%</u>
Samtals	100%

Hér á eftir eru birtar níu töflur, tafla I-VIII, er sýna m. a. meðalvinnutíma og meðalárslaun fyrir þessa þrjá hópa, og hvernig þeir eru samsettir hver um sig, svo og hvaða breytingar hafa orðið á þessum þáttum frá 1963.

Verða hér raktar helztu niðurstöður, sem í þessum töflum er að finna. Það skal tekið fram, að það sem er kallað "tíma-kaup í dagvinnu", merkir þá stærð, sem út kemur, þegar eftirvinnu- og næsturvinnustundir eru umreiknaðar í dagvinnustundir eins og skýrt er í töflunum, og þeim "heildarvinnustundafjöldi" á ári, sem þannig fæst deilt í árslauin án orlofs.

Hugtakið "meðaltíma-kaup" merkir hinsvegar þá stærð, sem út kemur, þegar dagvinnustundir, eftirvinnustundir og næsturvinnustundir eru lagðar beint saman og þeim vinnustundafjöldi síðan deilt í árslauin. Það er sú stærð, sem notuð verður við útreikning á vísitölu launa. (Sjá grein um vísitölur í þessu Fréttabréfi.)

Tafla I sýnir fjölda þeirra starfsmanna í hverri starfsgrein (alls 659), sem fjallað er um í þessu úrtaki, og eins fjölda þeirra, sem teknir eru úr hverri starfsgrein í hin vögnu meðaltöl (vög), en það er eins og áður segir sami fjöldi og tekinn var með í úrtakinu fyrir árin 1962 og 1963.

Rétt er að taka það fram, að 1962 og 1963 voru þær upplýsingar, sem fengust, látnar veða sig sjálfar. Er því kerfi haldið hér, að því er varðar almenna verkamenn, vegna samanburðar milli ára, en verður breytt í eðlilegra horf, þegar farið verður að reikna út vísitölu launa. Vigtarkerfi fyrir aðra en almenna verkamenn eru hér áætluð í samræmi við þær haldbeztu upplýsingar, sem fyrir liggja.

Vegið á framangreindan hátt verður meðalvinnutími í almennri verkamannavinnu 2893 stundir og meðalárslaun 139 þús. kr. (Tafla I).

Nú má bera saman meðaltöl fyrir árið 1964 og samsvarandi meðaltöl fyrir 1963 (tafla II). Verður sá samanburður þannig:

a Alm. verkamenn:

	<u>Vinnutími í klst. á mann</u>				Laun + orlof (þús.kr)	Tímak. í dagv. kr.	Meðal- tímak. kr.
	Dvt.	Evt.	Nvt.	Samt.			
Vegisl meðaltal '64	2041	446	406	2893	139	37.1	45.1
Vegisl meðaltal '63	1976	411	503	2890	112	29.4	36.6

Hlutfallsleg skipting vinnutímans (tafla III)

1964	71	15	14	100
1963	68	14	18	100

Af þessu sézt, að vinnutíminn er mjög langur, um 2900 klst. á ári, og mjög svipaður bæði árin. Meðalárslaun hafa hækkað um 27 þús. kr. á árinu 1964 frá 1963 eða um 24%. Þróunin virðist hafa gengið í þá átt, að dagvinna hafi aukizt árið 1964, en næturvinna minnkað að sama skapi. Getur þetta stafað af því, að vinna hafi verið jafnari 1964 en 1963, auk þess sem breytingar á álagi á eftir- og næturvinnukaupi gætu haft einhver áhrif í þessu efni. Þá ber að hafa það í huga, að flestir þeirra manna, sem meðaltalsreikningarnir taka til, eru á föstu vikukaupi og fá greidd laun fyrir 44 eða 48 klst. dagvinnu á viku, hvort sem helgidagur fellur inn í hana eða ekki. Gildir þetta jafnt bæði árin. Má því gera ráð fyrir, að unnir dagvinnutímar séu allt að 3% færri en hér er sýnt. Meðaltímakaupið án orlofs hefur hækkað úr kr. 36.6 í 45.1 eða um 23 %.

b Aðstoðarmenn við járnsmiðar.

Samkvæmt töflu I voru meðalárslaun aðstoðarmanna við fagvinnu kr. 144 þúsund og vinnustundafjöldinn 2822 árið 1964. Í úrtakinu 1963 var aðeins fjallað um aðstoðarmenn við járnsmiðar. Er því ekki unnt að bera annað saman milli árana 1963 og '64 en aðstoðarmenn við járnsmiðar. Sá samanburður verður þannig:

		<u>Vinnutími í klst. á mann</u>				Laun +	Tímak.	Meðal-
		Dvt.	Evt.	Nvt.	Samt.	orlof	í dagv.tímak.	kr.
						(þús.kr)	kr.	kr.
Meðaltal	1964	2139	365	167	2671	139	43.1	48.8
Meðaltal	1963	2031	401	429	2861	116	31.4	38.3

Hlutfallsleg skipting vinnutímans (tafla III)

1964	80	14	6	100
	71	14	15	100

Vinnutíminn virðist hafa stytzt um 190 stundir frá 1963, en eftir- og næsturvinna þó enn meira. Hér veldur hið takmarkaða úrtak 1963 þó sennilega mestu.

Sama þróun virðist vera hjá þessum hóp og í almennri verkamannavinnu, þ. e. að dagvinnan lengist, en næsturvinnutíminn styttest. Meðalárslaunin hafa hækkað um 23 þús. kr., meðaltímakaupið hefur hækkað úr kr. 38.3 í kr. 48.8 eða um 27%. Athugasemd um dagvinnutíma með tilliti til vikukaups á einnig við hér.

c Stjórnendur véla og tækja:

Samkvæmt töflu I er lengstur vinnutími hjá þessum hópi verkamanna eða að meðaltali 3014 stundir 1964 og meðalárslaun með orlofi kr. 161 þús. Hér er um að ræða bæði bifreiðastjóra, sem vinna hjá öðrum, krana- ýtu- og lyftustjóra. Arið 1963 var í þessum hópi eingöngu um bifreiðastjóra að ræða. Verður hér því ekki gerður samanburður milli ára á öðrum en bifreiðastjórum. Sá samanburður verður þannig:

		<u>Vinnutími í klst. á mann</u>				Laun +	Tímak.	Meðal-
		Dvt.	Evt.	Nvt.	Samt.	orlof	í dagv.tímak.	kr.
						(þús.kr)	kr.	kr.
Meðaltal	1964	2183	295	517	2995	157	40.4	49.2
Meðaltal	1963	2273	284	590	3147	132	32.1	39.6

Hlutfallsleg skipting vinnutímans (tafla III)

1964	73	10	17	100
1963	72	9	19	100

Meðalvinnutíminn virðist hafa stytzt hjá þessum starfshóp um 150 stundir.

Meðalárslaunin hafa hækkað um 25 þús. kr. eða um 19%, en meðaltímakaupið án orlofs hefur hækkað úr kr. 39.6 í kr. 49.2 eða um 24%.

a-c Samanvegið:

Séu þeir þrír hópar Dagsbrúnarverkamanna, sem hér er fjallað um, vegnir saman í þeim hlutföllum, sem að framan greinir, alm. verkamenn 55%, aðstoðarmenn við fagvinnu 20% og stjórnendur véla og tækja 25%, verða niðurstöðurnar þær, að árið 1964 hafi meðalársvinnutími verkamanna verið 2908 stundir og meðalárslaun 146 þús. kr. með orlofi (tafla I). Ekki er hér um að ræða að gera beinan samanburð á þessum tölum við 1963, þar sem upplýsingar vantar það ár fyrir aðstoðarmenn við trésmíðar, bifvéla- og vélaviðgerðir og aðra stjórnendur véla og tækja en bifreiðastjóra.

Hinsvegar má taka út úr úrtakinu 1964 sömu starfshópa og fjallað var um 1963 og vega saman á sama hátt til samanburðar. Verður sá samanburður milli 1964 og 1963 þannig:

	Vog	Vinnutími í klst. á mann				Laun + orlof (þús.kr)	Tímak. í dagv. tímak. kr.	Meðal-kr.
		Dvt.	Evt.	Nvt.	Samt.			
Alm. verkam.	55	2041	446	406	2893	139	37.1	45.0
Aðst.m.við járnsm.	20	2139	365	167	2671	139	43.1	48.9
Bifreiðastjórnar	25	2183	295	517	2995	157	40.4	49.2
Vegið meðaltal	100	2096	392	386	2874	144	39.1	47.0

1963

Alm. verkamenn	55	1976	411	503	2890	112	29.4	36.5
Aðst.m.við járnsm.	20	2031	401	429	2861	116	31.4	38.2
Bifreiðastjórnar	25	2273	284	590	3147	132	32.1	39.5
Vegið meðaltal	100	2061	377	510	2948	118	30.6	37.4

Hlutfallsleg skipting vinnutímans

1964	73	14	13	100
1963	70	13	17	100

Þessi vegnu meðaltöl sýna, að dagvinnan hefur aukizt, en næturvinnan minnkað árið 1964, miðað við 1963. Meðalárslaunin hafa hækkað úr 118 þús. kr. í 144 þús. kr. eða um 22% með orlofi, en meðaltímakaupið án orlofs úr kr. 37.4 í 47.0 eða um 25%.

Rétt er að geta þess hér, að stærðirnar "tímakaup í dagvinnu" og "meðaltímakaup" eru reiknaðar með einum aukastaf, þar sem nákvæmni þessara útreikninga verður ekki talin svo mikil, að rétt sé að reikna með tveim aukastöfum eins og venja er. Af sömu ástæðu er aukastöfum í prósentuútreikningum hér sleppt.

Sú stytting meðalársvinnutímans, sem hér kemur fram, gæti m. a. stafað af því, hvað úrtakið var lítið 1963, en í mjög litlu úrtaki getur aukin vinnubyrði í t. d. nokkra mánuði haft áhrif á meðaltöl, sem ekki mundi verða, ef úrtakið væri stærra. Það verður því að vara við því að meta of mikið breytingar á lengd vinnutímans frá ári til árs, síðustu 4-6 árin eftir tölum, sem liggja fyrir um þá hluti. Hinu má slá föstu, að vinnutími verkamanna í Reykjavík og nágrenni hefur að meðaltali verið mjög langur öll þessi ár, um 2900-3000 klst. á ári, og jafnvel enn lengri hjá ákveðnum starfshópum.

Ymsar fleiri upplýsingar má fá um þróun vinnutíma og vinnulauna árið 1964, samanborið við árið 1963, úr töflum þeim, sem hér eru birtar.

Þannig sýnir tafla IV árslaunin 1963 og 1964 sundurliðuð í dagvinnulaun (Dvl), eftirvinnulaun (Evl) og næturvinnulaun (Nvl). Tafla V sýnir hlutfallslega skiptingu árslaunanna á sama hátt og tafla IV.

Tafla VI sýnir samanburð á vinnustundafjölda hinna ýmsu starfshópa 1963 og 1964 og breytingar þær, sem þar hafa á orðið.

Tafla VII sýnir samanburð á dagvinnustundum og næturvinnustundum starfshópanna 1963 og 1964, og þær breytingar, sem þar hafa orðið.

Tafla VIII sýnir samanburð á árslaunum og tímakaupi í dagvinnu milli hinna ýmsu starfshópa árin 1963-64.

Töflur þessar eru þannig uppsettar, að þær skýra sig sjálfar gagnvart þeim, sem um þessi mál fjalla.

II. Iðnaðarmenn

Eins og áður hefur gengið treglega að fá upplýsingar um kaup og vinnutíma fagstéttanna. Sé athugaður meðlimafjöldi fagfélaganna hér í Reykjavík, má þó segja, að mjög viðunandi árangur hafi náðst, að því er tekur til skipasmiða (50%) og járníðnaðarmanna (26 $\frac{1}{2}$ %), en mun minni eða alls enginn varðandi aðrar greinar faglærðra manna. Að þessu sinni fengust upplýsingar um 191 meðlim fagfélaga (94 árið 1962-'63). Skiptingu vinnutímans í dagvinnu-, eftir- og næturvinnu vantar þó árin 1962-'63.

Upplýsingarnar ná til sex faggreina, en eru ófullnægjandi varðandi trésmiði, þar sem enginn þeirra, sem viðhlýtandi upplýsingar fengust um, vinnur í byggingariðnaði, og bakara, þar sem þeir, sem upplýsingar fengust um, starfa allir hjá einu og sama fyrirtækinu. Upplýsingarnar varðandi járníðnaðarmenn, bifvéla-virkja, skipasmiði og rafvirkja eru hinsvegar úr ýmsum þeim greinum, þar sem þessir fagmenn eru starfandi.

Hér á eftir fara fjórar töflur (tafla IX-XII), er sýna þær upplýsingar, sem fengust um vinnutíma og vinnulaun þessara sex fagmannagreina árið 1964 og vegin meðaltöl fyrir vinnutíma og meðalárslaun hvernar greinar. Eins og tafla IX ber með sér er meðalársvinnutími iðnaðarmanna nokkru styttri en meðalársvinnutími verkamanna. Vegin meðalárslaun iðnaðarmanna eru hinsvegar um 20% hærri en vegin meðalárslaun verkamanna (176 þús. og 146 þús.).

Eins og að framan segir má telja það úrtak, sem hér er um að ræða fyrir járníðnaðarmenn og skipasmiði, mjög vel viðunandi. Um bifvéla-virkja, rafvirkja og trésmiði er það að segja, að það úrtak er unnið á sama grundvelli og úrtakið fyrir verkamenn, járníðnaðarmenn og skipasmiði, en er ennþá of lítið. Hér eru þessar fimm faggreinar þó vegnar saman í því skyni að fá út sýnishorn af því, sem leitað er eftir, þ. e. vegin meðalárslaun og meðalársvinnutíma fagmanna.

Meðlimafjöldi félaganna í Reykjavík er notaður sem grundvöllur til að vega kaup- og vinnutímapættina saman. Meðlimafjöldi félaganna er nú um það bil þessi: Járníðnaðarmannafélag 470, bifvéla-virkjar 170, skipasmiðir 32, rafvirkjar 450, trésmiðir 630 (tafla X).

Séu nú þessar upplýsingar um fjórar greinar fagvinnu bornar saman við samskonar vegin meðaltöl fyrir verkamanna- vinnu, kemur í ljós, að meðalársvinnutíminn virðist hafa verið styttri í fagvinnunni 1964 en í verkamannavinnunni (um 165 klst.), og hlutur dagvinnunnar um leið áberandi meiri í fagvinnu en verkamannavinnu. Samanburðurinn verður þannig:

Vegin meðaltöl	<u>Dagv. Eftirv. Næturv. Samt.</u>				Meðalársl. m. orlofi (þús.kr)	Meðal- tímak. kr.
	Hundraðstölur					
Fagmenn	79	13	8	100	176	60.2
Verkamenn	73	14	13	100	146	47.1

Aður er frá því skýrt, að sundurliðun á vinnutíma fagmanna er ekki fyrir hendi árin 1962 og 1963. Hinsvegar eru ákveðnar upplýsingar um heildarvinnutíma og meðalárslaun járníðnaðarmanna, bifvélavirkja, skipasmiða, rafvirkja og trésmiða 1963 (Fréttabréf - marz 1965). Séu þær stærðir vegnar á sama hátt og árið 1964, fæst eftirfarandi samanburður um þessar fjórar faggreinar:

	Meðalársvinnu- stundafjöldi	Meðalárslaun m. orlofi þús. kr.
1963	2739	138
1964	2743	176

Meðallaun á vinnustund verða samkvæmt því, án orlofs:

1963	kr. 47.5
1964	" 60.2

Það ber að undirstrika, að úrtakið, sérstaklega árin 1962 og 1963, er mjög lítið, og getur það gefið villandi upplýsingar. Er þetta ekki óeðlilegt, miðað við byrjunaraðstæður, enda má segja, að það skipti megin máli að byggja ofan á þann grundvöll, sem nú er fenginn og færa hann út, svo að viðkomandi aðilar geti við unað. Fyrir árið 1964 hefur, eins og að framan segir, tekizt að stækka úrtakið, og er unnið að því að stækka það enn frekar fyrir árið 1965.

T A F L A I

Vinnulaun og vinnustundir 1964.

Verkamenn í Dagsbrún	Fj. úrt.	Vog	Vinnutími í klst. pr. mann				Laun + orlof (þús.kr)	Tímak. í dagv. (kr)
			Dvt.	Evt.	Nvt.	Samt.		
	1	2	3	4	5	6	7	8
a Alm. verkamenn								
Ymis störf	60	30	2192	420	295	2907	138	38.0
Byggingarvinna	25	14	2091	429	243	2763	159	46.2
Fiskvinna	48	18	1956	389	724	3069	151	50.7
Hafnarvinna	213	136	1974	527	407	2908	135	35.4
Mjólkurv. og dreif.	37	20	2226	66	271	2563	130	42.7
Olíudreif.	37	8	2251	267	720	3238	171	39.5
Vegis meðaltal	420	226	2041	446	406	2893	139	37.0
b Aðst.m. v. fagvinnu								
Járnsmiðar	39	35	2139	365	167	2671	139	43.1
Trésmiðar	9	30	2230	509	220	2959	140	38.1
Bifv.-og vélaviðg.	6	35	2253	397	206	2856	153	43.9
Vegis meðaltal	54	100	2206	419	197	2822	144	41.7
c Stjórnendur véla og tækja								
Bifreiðastjórar	153	80	2183	295	517	2995	157	40.4
Kranastjórar	32	20	2170	451	473	3094	178	44.1
Vegis meðaltal	185	100	2180	326	508	3014	161	41.1
Samantvegið a-c								
Almennir verkamenn	420	55	2041	446	406	2893	139	37.0
Aðstoðarm. v. fagv.	54	20	2205	416	196	2817	144	42.0
Stj. véla og tækja	185	25	2180	326	508	3014	161	41.1
Vegis meðaltal	659	100	2109	410	389	2908	146	39.0

Tímakaup í dagvinnu (8. dálkur) er reiknaður út. Þar er gert ráð fyrir, að meðal-efirtirvinnuálag sé 55%, og næturvinnuálag 95% á dagvinnukaup. Ennfremur er gert ráð fyrir, að meðalorlof sé 6,5 % á allt kaup, og það því lækkað sem því nemur.

T A F L A I c

Vinnulaun og vinnustundir 1964.

Verkamenn í Dagsbrún	Fj. úrt.	Vog	Vinnutími í klst. pr. mann				Laun + orlof (þús.kr)	Tímak. í dagv. (kr)
			Dvt.	Evt.	Nvt.	Samt.		
	1	2	3	4	5	6	7	8
<u>Stjórn. véla og tækja</u>								
Bifreiðastjórar:								
Hjá ýmsum fyrirtækj.	16	16	2254	413	293	2960	143	38.7
" byggingarfélag.	5	5	2081	414	563	3058	166	40.8
" fiskvinnslust.	16	16	1956	389	724	3069	151	35.7
" skipafélagum	12	12	2137	502	459	3098	143	35.2
" mjólkurv.st.	42	42	2231	53	325	2609	150	47.8
" olíufélagum	56	56	2203	349	707	3259	174	39.6
" vélsmiðjum	6	6	2248	396	218	2862	133	38.0
Vegilö meðaltal	153	153	2183	295	517	2995	157	40.4
Krana- og ýtustj.:								
Hjá ýmsum fyrirtækj.	15	15	2171	405	312	2888	175	48.2
" byggingarfélag.	6	6	2239	454	558	3251	190	44.3
" skipafélagum	11	11	2130	512	647	3289	176	39.5
Vegilö meðaltal	32	32	2170	451	473	3094	178	44.1

Tímakaup í dagvinnu (8. dálkur) er reiknaður út á sama hátt og í Töflu I.

T A F L A II

Vinnulaun og vinnustundir 1963.

Verkamenn í Dagsbrún	Fj. úrt.	Vog	Vinnutími í klst. pr. mann				Laun + orlof (þús.kr)	Tímak. í dagv. (kr)
			Dvt.	Evt.	Nvt.	Samt.		
	1	2	3	4	5	6	7	8
a Alm. verkamenn								
Ymis störf	53	30	2096	413	278	2787	111	32.0
Byggingarvinna	14	14	2080	432	189	2701	112	34.0
Fiskvinna	18	18	1623	442	885	2950	122	28.4
Hafnarvinna	136	136	1897	467	554	2918	111	28.3
Mjólkurv.og dreif.	20	20	2411	55	274	2740	111	34.4
Olfudreif.	8	8	2401	237	743	3381	125	27.8
Vegið meðaltal	249	226	1976	411	503	2890	112	29.4
b Aðst.m. v. fagv.								
Járnsmiðar	7		2031	401	429	2861	116	31.4
c Stjórn.véla og tækja								
Bifreiðastjórar:								
Hjá ýmsum fyrirtækjum	14	16	2073	407	328	2808	111	31.4
" byggingarfélagum	3	5	2042	386	332	2760	109	31.3
" fiskvinnslust.	7	16	1735	467	1135	3337	147	29.5
" skipafélagum								
" mjólkurv.st.	20	42	2407	57	401	2865	122	35.0
" olfufélagum	15	56	2402	343	686	3431	145	31.9
" vélsmiðjum	7	6	2298	415	479	3192	127	30.9
Vegið meðaltal	66	141	2273	284	590	3147	132	32.1

1) Að nokkru leyti áætlað.

Tímakaup í dagvinnu (8. dálkur) er reiknaður út. Þar er gert ráð fyrir, að meðal-efrivinnuálag sé 50%, og næsturvinnuálag 100% á dagvinnukaup. Ennfremur er gert ráð fyrir, að greitt hafi verið 6% orlof á allt kaup, og það er því lækkað sem því nemur.

T A F L A III

Hlutfallsleg skipting vinnutímans árin 1963 og 1964.

Verkamenn í Dagsbrún	1963				1964			
	Dvt.	Evt.	Nvt.	Samt.	Dvt.	Evt.	Nvt.	Samt.
	1	2	3	4	5	6	7	8
<u>Alm. verkamenn</u>								
Ymis störf	75	15	10	100	75	15	10	100
Byggingarvinna	77	16	7	100	76	15	9	100
Fiskvinna	55	15	30	100	64	13	23	100
Hafnarvinna	65	16	19	100	68	13	14	100
Mjólkurvinnsla	88	2	10	100	87	3	10	100
Olíudreifing	71	7	22	100	70	8	22	100
Vegis meðaltal	68	14	18	100	71	15	14	100
<u>Aðstoðarm. v. fagv.</u>								
Járnsmiðar	71	14	15	100	80	14	6	100
Trésmiðar					75	17	8	100
Bifv.-og vélaviðg.					79	14	7	100
Vegis meðaltal					78	15	7	100
<u>Stjórn. véla og tækja</u>								
Bifreiðastjórar	72	9	19	100	73	10	17	100
Kranastjórar					70	15	15	100
Vegis meðaltal					72	11	17	100
Vegis meðaltal a-c					73	14	13	100

T A F L A IV

Arslaun 1963 og 1964, sundurliðuð í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu (í þúsundum kr.).

Verkamenn í Dagsbrún	1 9 6 3				1 9 6 4			
	Dvl.	Evl.	Nvl.	Samt.	Dvl.	Evl.	Nvl.	Samt.
	1	2	3	4	5	6	7	8
a Alm. verkamenn								
Ymis störf	71	21	19	111	88	27	23	138
Byggingarvinna	75	23	14	112	103	33	23	159
Fiskvinna	49	20	53	122	74	23	54	151
Hafnarvinna	57	21	33	111	74	31	30	135
Mjólkurv.og dreif.	88	3	20	111	101	5	24	130
Oliudreifing	71	10	44	125	95	17	59	171
Vegið meðaltal	62	19	31	112	81	27	31	139
b Aðstoðarm. v. fagv.								
Járnsmiðar	68	20	28	116	98	26	15	139
Trésmiðar					91	32	17	140
Bifvélavirkjun					105	29	19	153
Vegið meðaltal					98	29	17	144
c Stjórn. véla og tækja								
Bifreiðastjórar	77	15	40	132	94	20	43	157
Kranastjórar					102	33	43	178
Vegið meðaltal					96	22	43	161
Vegið meðaltal a-c					88	26	32	146

T A F L A V

Hlutfallsleg skipting árslauna 1963 og 1964
í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu.

Verkamenn í Dagsbrún	1 9 6 3				1 9 6 4			
	Dvl.	Evl.	Nvl.	Samt.	Dvl.	Evl.	Nvl.	Samt.
	1	2	3	4	5	6	7	8
a Alm. verkamenn								
Ymis störf	64	19	17	100	64	20	16	100
Byggingarvinna	67	21	12	100	65	21	14	100
Fiskvinna	40	16	44	100	49	15	36	100
Hafnarvinna	51	19	30	100	55	23	22	100
Mjólkurvinnsla	79	3	18	100	78	4	18	100
Olfudreifing	57	8	35	100	56	10	34	100
Vegið meðaltal	55	17	28	100	58	20	22	100
b Aðstoðarm. við fagv.								
Járnsmiðar	59	17	24	100	70	19	11	100
Trésmiðar					65	23	12	100
Bifvélavirkjun					69	19	12	100
Vegið meðaltal					68	20	12	100
c Stjórn. véla og tækja								
Bifreiðastjórar	58	11	30	100	60	13	27	100
Kranastjórar					57	19	24	100
Vegið meðaltal					59	14	27	100
Vegið meðaltal a-c					60	18	22	100

T A F L A VI

Samanburður á vinnutíma 1963 og 1964.

Verkamenn í Dagsbrún	Vinnustundir		Breyting	
	1963	1964	(2-1)	($\frac{2}{1} \cdot 100$)
	1	2	3	4
<u>a Alm. verkamenn</u>				
Ymis störf	2787	2907	120	104
Byggingarvinna	2701	2763	62	102
Fiskvinna	2950	3069	119	104
Hafnarvinna	2918	2908	-10	100
Mjólkurv. og dreif.	2740	2563	-177	94
Olfudreifing	3381	3238	-143	96
Vegið meðaltal	2890	2893	3	100
<u>b Aðstoðarm. v. fagv.</u>				
Járnsmiðar	2861	2671	-190	93
Trésmiðar		2959		
Bifv.-og vélav.g.		2856		
Vegið meðaltal		2822		
<u>c Stjórn. véla og tækja</u>				
Bifreiðastjórar	3147	2995	-152	95
Kranastjórar		3094		
Vegið meðaltal		3014		
Samanvegið a-c		2908		

T A F L A VII

Samanburður á dagvinnu og næturvinnu 1963 og 1964.

Verkamenn í Dagsbrún	Dagvinna		Breyting		Næturvinna		Breyting	
	1963	1964	(2-1)	$(\frac{2}{1} \cdot 100)$	1963	1964	(6-5)	$(\frac{6}{5} \cdot 100)$
	1	2	3	4	5	6	7	8
a Alm. verkamenn								
Ymis störf	2096	2192	96	105	278	295	17	106
Byggingarvinna	2080	2091	11	101	189	243	54	129
Fiskvinna	1623	1956	333	121	885	724	-161	82
Hafnarvinna	1897	1974	77	104	554	407	-147	73
Mjólkurv. og dreif.	2411	2226	-185	92	274	271	-3	99
Olfudreifing	2401	2251	-150	94	743	720	-23	97
Vegið meðaltal	1976	2041	65	103	503	406	-97	81
b Aðstoðarm. v. fagv.								
Járnsmiðar	2031	2139	108	105	429	167	-262	39
Trésmiðar		2230				220		
Bifv.- og vélav.g.		2253				206		
Vegið meðaltal		2206				197		
c Stjórn. véla og tækja								
Bifreiðastjórar	2273	2183	-90	96	590	517	-73	88
Kranastjórar		2170				473		
Vegið meðaltal		2180				508		
Samanvegið a-c		2109				389		

T A F L A VIII

Samanburður á árslaunum og tímakaupi 1963 og 1964.

Verkamenn í Dagsbrún	Laun í þús.kr.		Launahækkun		Tímakaup kr.		Tímak.hækkun	
	1963	1964	(2-1)	($\frac{2}{1}$ ·100)	1963	1964 (6-5)	($\frac{6}{5}$ ·100)	
	1	2	3	4	5	6	7	8
a Alm. verkamenn								
Ymis störf	111	138	27	124	32.0	38.0	6.0	119
Byggingarvinna	112	159	47	142	34.0	46.2	12.2	136
Fiskvinna	122	151	29	124	28.4	35.7	7.3	126
Hafnarvinna	111	135	24	122	28.3	35.4	7.1	125
Mjólkurv.og dreif.	111	130	19	117	34.4	42.7	8.3	124
Oliudreifing	123	171	48	139	27.8	39.5	11.7	142
Vegið meðaltal	112	139	27	124	29.4	37.1	7.7	126
b Aðst.m.v.fagvinnu								
Járnsmiðar	116	139	23	120	31.4	43.1	11.7	137
Trésmiðar		140				38.1		
Bifv.-og vélaviðg.		153				43.9		
Vegið meðaltal		144				41.7		
c Stjórn. véla og tækja								
Bifreiðastjórar	132	157	25	119	32.1	40.4	8.3	126
Kranastjórar		178				44.1		
Vegið meðaltal		161				41.1		
Samanvegið a-c		146				39.0		

T A F L A IX

Vinnulaun og vinnustundir 1964.

Iðnaðarmenn	Fjöldi	Vinnutími í klst. pr. mann				Laun + orlof (þús. kr.)
	úrt.	Dvt.	Evt.	Nvt.	Samt.	
	1	2	3	4	5	6
<u>Trésmiðir</u>						
Við mjólkurvinnslu	4	2245	388	190	2823	188
" olfudreifingu	1	2352	377	642	3371	193
" ýmislegt	4	1851	383	140	2374	145
Vegis meðaltal	9	2082	385	218	2685	169
<u>Járns- og vélstj.</u>						
Við fiskvinnslu	4	2208	450	358	3016	194
" mjólkurvinnslu	3	2302	375	552	3229	244
" olfudreifingu	8	2150	390	561	3101	219
" vélsm.v.	110	2125	354	283	2762	178
Vegis meðaltal	125	2134	360	310	2804	183
<u>Bifvélavirkjar</u>						
Við byggingarvinnu	2	2347	405	619	3371	262
" mjólkurvinnslu	2	2352	314	109	2775	145
" olfudreifingu	6	2194	352	249	2795	179
" vélsm.vinnu	1	2171	326	204	2701	149
" ýmislegt	5	2322	350	182	2854	183
Vegis meðaltal	16	2271	352	254	2877	185
<u>Skipasmiðir</u>						
Við vélsm.vinnu	2	2104	368	328	2800	180
" skipasm.og viðg.	13	2055	268	340	2663	162
Vegis meðaltal	15	2062	281	338	2681	164
<u>Rafvirkjar</u>						
Við vélsm.vinnu	8	2239	356	154	2749	189
" ýmislegt	1	1966	401	530	2897	237
" rafvélaverkst.	10	2271	313	93	2677	164
Vegis meðaltal	19	2241	336	142	2719	178
<u>Bakarar</u>						
Eitt fyrirtæki	7	2448	215	65	2728	135

T A F L A X

Vinnulaun og vinnustundir 1964.

Iðnaðarmenn	Fj. úrt.	Vog	Vinnutími í klst. pr. mann				Laun + orlof (þús.kr)	Tímak. í dagv. (kr)
			Dvt.	Evt.	Nvt.	Samt.		
	1	2	3	4	5	6	7	8
Trésmiðir	9	36	2082	385	218	2685	169	50.0
Járnsmiðir	125	27	2134	360	310	2804	183	52.8
Bifvélavirkjar	16	9	2271	352	254	2877	185	53.1
Skipasmiðir	15	2	2062	281	338	2681	164	49.4
Rafvirkjar	19	26	2241	336	142	2719	178	55.1
Vegið meðaltal	184	100	2154	360	229	2743	176	52.3
Bakarar	7		2448	215	65	2728	135	43.5

Bakarar eru ekki hafðir með í meðaltali, vegna þess að vitað er, að laun þeirra voru hærri á árinu en upp er gefið. Dálkur 8, tímakaup í dagvinnu, er reiknaður út. Þar er gert ráð fyrir, að eftir- og næsturvinnuálag og orlof hafi verið að meðaltali yfir allt árið svo sem hér segir að prósenttölu:

	Ev.álag	Nv.álag	Orlofsálag
Trésmiðir	68	110	6
Járnsmiðir	50	90	6.25
Bifvélavirkjar	50	90	6.25
Skipasmiðir	50	90	6.25
Rafvirkjar	57	95	6.17
Bakarar	60	100	6.17

T A F L A XI

Skipting árslauna í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu
1 9 6 4

	Vinnulaun í þús. kr.			
	Dvl.	Evl.	Nvl.	Samt.
	1	2	3	4
Trésmiðir	111	34	24	169
Járnsmiðir	120	30	33	183
Bifvélavirkjar	128	30	27	185
Skipasmiðir	108	22	34	164
Rafvirkjar	131	31	16	178
Vegis meðaltal	120	31	25	176

T A F L A XII

Hlutfallsleg skipting árslauna og vinnutímans
í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu 1964.

Iðnaðarmenn	Vinnutími				Vinnulaun			
	Dvt.	Evt.	Nvt.	Samt.	Dvl.	Evl.	Nvl.	Samt.
	1	2	3	4	5	6	7	8
Trésmiðir	78	14	8	100	66	20	14	100
Járnsmiðir	76	13	11	100	66	16	18	100
Bifvélavirkjar	79	12	9	100	69	16	15	100
Skipasmiðir	77	10	13	100	66	13	21	100
Rafvirkjar	83	12	5	100	74	17	9	100
Vegis meðaltal	79	13	8	100	68	18	14	100

Um þróun útflutningsins 1962-1965.

Hér fara á eftir nokkrar töflur, sem sýna, hvernig verðlag hefur breytt á helztu tegundum útflutningsafurða frá 1. janúar 1962 til 30. júní 1965. Jafnframt er sýnt (tafla III), hvernig útflutningsmagn þessara vörutegunda hefur breytt árin 1962-'64 (heil ár). Þá bera töflurnar einnig með sér, hver heildarþróun útflutningsins hefur verið jan.-júní 1962-'65 og allt árið 1962-1964.

Í töflunum er árið 1962 sett = 100, þ. e. notað sem grunnár. Er þetta ár valið sem grunnár af ýmsum ástæðum. 1) Það útilokar umreikninga vegna gengisbreytinga, þar sem gengisbreyting hefir ekki orðið síðan 1961. 2) Þetta var mjög gott aflaár eins og síðan hefur verið, þannig að aflasveiflur hafa ekki áhrif á yfirlitið. 3) Telja má, að markaðurinn sé farinn að jafna sig á þessu ári eftir verðhrunið, sem varð á lýsi og mjöli, vegna of mikils framboðs árin næst á undan. Þegar þessi sveifluáhrif eru þannig útilokuð, má ætla að yfirlitið sýni nokkuð sanna mynd af þróun þessara mála, mynd sem styðjast mætti að einhverju leyti við, þegar nota þarf tölulegar upplýsingar um þessa hluti.

Tafla I er yfirlit um þróun verðlags á 15 tegundum útflutningsvörum á fyrri árshelmingi 1962-'65 öll árin. Í heild eru þessar 15 vörutegundir nær 90% af útflutningnum eins og taflan ber með sér. Taflan sýnir útflutningsverðmæti pr. kg. fyrir hverja vörutegund um sig (fob-verð) ár frá ári, svo og verðbreytinguna á hverri vörutegund, mældar með verðvísitölu, með árið 1962 sem grunnár (=100) eins og áður segir.

Þá eru einnig í þessari töflu upplýsingar um heildarútflutning þessara 15 vörutegunda á hverju ári (jan.-júní), svo og útflutninginn alls á sama tíma. Eru þessar heildartölur einnig sýndar í vísitölum. Eins og sjá má af töflunni hefur verðlagsþróunin á þessum vörutegundum verið nokkuð breytileg ár frá ári, þó að útkoman, þegar á heildina er litið, sé hækkandi verðlag. Þess ber að geta, að verðlagsþróunin á fyrri árshelmingi er ekki í öllum tilfellum sú sama og á seinni árshelmingi. Liggja til þess ýmsar ástæður, og má m. a. nefna, að síldarafurðir, sem fluttar eru út á fyrri árshelmingi, eru að meirihluta Suðurlands-síld, en á síðari árshelmingi Norð-Austurlandssíld, og hefur það áhrif á verðlagsþróunina.

Tafla II veitir samskonar upplýsingar um þróun útflutningsverðsins og tafla I, að öðru leyti en því, að tafla II nær yfir heil ár, 1962-'64, þar sem tafla I náði yfir tímabilið jan.-júní 1962-'65. Með því að bera saman þessar tvær töflur, kemur í ljós sá munur, sem er á verðþróuninni fyrri og síðari árshefning, og vikið er að hér að framan. Að öðru leyti skýrir taflan sig sjálf. Í töflu III er sýnt útflutningsmagn þeirra 15 tegunda útflutningsvöru, sem hér eru teknar til athugunar. Tafla þessi nær yfir árin 1962-'64 (heil ár), og sýnir útflutningsmagn hverrar vörutegundar (í tonnum) og breytingu útflutningsmagnsins frá ári til árs einnig mælda í magnvísitölum með árið 1962 sem grunnár (=100). Sýna vísitölurnar greinilega, hver breyting hefur orðið á útflutningsmagni hverrar vörutegundar um sig (aukning eða samdráttur), miðað við grunnárið 1962.

Tafla IV sýnir eingöngu vísitölur, sem hér verða kallaðar tekjuvísitölur útflutningsins. Hér er um að ræða "heilsársvísitölur" 1962-'64 með grunntölu 1962. Vísitölur þessar eru unnar úr töflu III og töflu IV, þ. e. magn- og verðvísitölum fyrir hverja vörutegund um sig árlega.

Formúlan fyrir þessum vísitölum (tafla IV) er:

$$\text{Tekjuvísitala útfl.} = \frac{\text{Magnvísitala} \times \text{verðvísitala}}{100}$$

Þessar vísitölur eiga að mæla bæði magnbreytingar og verðbreytingar á hverri vörutegund ár frá ári, og meðalbreytinguna fyrir allar vörutegundirnar.

Dæmi: Fryst fiskflök.

	1962	1963	1964
Magnvísitala	<u>100</u>	<u>95.4</u>	<u>107.8</u>
Verðvísitala	<u>100</u>	<u>106.1</u>	<u>115.0</u>
Tekjuvísitala	<u>100</u>	<u>101.0</u>	<u>124.0</u>
1963 Tv =	$\frac{95,4}{100} \times 106,1$	= 101,2	gerir 101
1964 Tv =	$\frac{107,8}{100} \times 115,0$	= 123,97	gerir 124

Upplýsingar í þessar töflur, um magn og verð útflutningsins, eru fengnar úr Hagfóðindum (Hagstofa Íslands) og ná til, eins og áður segir, um 90% útflutningsins árlega. Sá hluti útflutningsins, sem ekki er fjallað um í þessum töflum, er nokkrar minniháttar sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, brotajárn og ýmislegt.

Tafla I

	Útflutningsverð				Verðvísitölur jan.-júní					
	Kr. pr. kg.	jan.-júní	1962	1963	1964	1965	1962	1963	1964	1965
1. Saltfiskur þurrk.	19.31	20.17	25.91	19.67	100	104.4	134.2	101.8		
2. " óverkaður	12.17	12.87	15.62	16.91	100	105.7	128.3	138.9		
3. Skreið	25.61	26.88	27.81	29.20	100	105.0	108.6	114.0		
4. Isfiskur	4.56	5.09	5.71	6.06	100	111,6	125.2	132.9		
5. Fryst síld	5.38	5.43	5.94	6.34	100	100.9	110.4	116.7		
6. Fryst fiskflök	17.13	18.23	19.92	22.86	100	106.4	116.3	133.5		
7. Þorskalýsi, hreinsað	10.17	9.24	10.25	10.47	100	90.9	100.8	103.0		
8. " óhreinsað	6.80	6.15	8.76	10.58	100	90.4	128.8	155.6		
9. Grásleppuhrogn, sölt	15.22	16.34	24.90	52.04	100	107.4	163.6	341.9		
10. Önnur matarhrogn "	13.82	14.14	14.99	16.58	100	102.3	108.5	120.0		
11. Saltsíld, venjuleg	8.40	9.04	9.41	9.80	100	107.6	112.0	116.7		
12. " sérverkuð	9.91	10.44	11.47	11.35	100	105.3	115.7	114.5		
13. Síldarlýsi	4.30	4.02	7.75	8.48	100	93.5	180.2	197.2		
14. Fiskimjöl	6.23	5.93	6.24	6.61	100	95.2	100.2	106.1		
15. Síldarmjöl o. fl.	6.37	6.12	5.63	6.91	100	96.1	88,4	108.5		
Helldarútl.verð 1-15 millj. kr.	1.526	1.580	1.865	2.281	100	103.5	122.2	149.5		
Útflutt alls jan.-júní	1.717	1.812	2.159	2.452	100	105.5	125.7	142.8		

Tafla II

	Kr. pr. kg. allt árið			Verðvísitölur		
	1962	1963	1964	1962	1963	1964
1. Saltfiskur, þurrkaður	20.10	22.30	24.73	100	111.0	123.0
2. " óverkaður	11.99	12.66	15.50	100	105.6	129.3
3. Skreið	26.40	28.98	29.14	100	109.8	110.4
4. Isfiskur	5.44	5.59	6.23	100	102.8	114.5
5. Fryst síld	5.49	5.58	5.91	100	101.6	107.6
6. Fryst fiskflök	17.62	18.70	20.26	100	106.1	115.0
7. Þorskalýsi, hreinsað	9.71	9.53	10.83	100	98.1	111.5
8. " óhreinsað	6.60	7.06	9.10	100	107.0	137.8
9. Grásleppuhrogn, sölt	15.21	16.45	25.30	100	108.2	166.3
10. Önnur matarhrogn, sölt	13.82	14.14	14.79	100	102.3	107.0
11. Saltsíld, venjuleg	9.49	8.78	10.40	100	92.5	109.5
12. " sérverkuð	10.37	10.99	11.79	100	106.0	113.7
13. Síldarlýsi	4.00	5.46	7.97	100	136.5	199.2
14. Fiskimjöl	6.26	5.25	6.22	100	83.8	99.3
15. Síldarmjöl o. fl.	6.48	5.74	6.17	100	88.5	95.2
Heildarútl. verð 1-15 millj. kr.	3071	3362	4016	100	110	131
Útl. alls " "	3619	4046	4776	100	112	132

Tafla III

	Tonn - allt árið			Magnvísitölur allt árið		
	1962	1963	1964	1962	1963	1964
1. Saltfiskur, þurrkaður	3.184.2	2.419.7	1.138.3	100	76.0	35.7
2. " óverkaður	25.349.4	18.739.3	23.952.2	100	73.9	94.5
3. Skreið	10.653.5	9.615.5	11.579.7	100	90.3	108.7
4. Isfiskur	30.864.0	36.161.1	34.512.1	100	117.2	111.8
5. Fryst síld	24.125.6	37.384.4	21.991.2	100	155.0	91.2
6. Fryst fiskflök	50.199.5	47.902.7	54.094.8	100	95.4	107.8
7. Þorskalýsi, hreinsað	2.001.4	2.207.6	1.573.2	100	110.3	78.6
8. " óhreinsað	3.135.5	6.001.5	7.695.9	100	191.4	245.4
9. Grásleppuhrogn, sölt	448.7	323.6	419.3	100	72.1	93.5
10. Önnur matarhrogn "	2.746.0	3.180.0	2.971.1	100	115.8	108.2
11. Saltsíld, venjuleg	24.203.1	35.026.4	20.163.8	100	144.7	83.3
12. " sérverkuð	23.086.8	22.256.0	26.059.0	100	96.4	112.9
13. Síldarlýsi	60.478.0	55.148.4	52.402.8	100	91.2	86.7
14. Fiskimjöl	20.230.4	22.809.0	26.737.7	100	112.7	132.2
15. Síldarmjöl o. fl.	48.488.9	76.582.6	96.379.3	100	157.9	198.8

Tafla IV

	Tekjuvísitölur útflutningsins		
	<u>1962</u>	<u>1963</u>	<u>1964</u>
1. Saltfiskur, þurrkaður	100	84	44
2. " óverkaður	100	78	122
3. Skreið	100	99	120
4. Isfiskur	100	120	128
5. Fryst síld	100	157	98
6. Fryst fiskflök	100	101	124
7. Þorskalýsi, hreinsað	100	108	88
8. " óhreinsað	100	205	338
9. Grásleppuhrogn, sölt	100	78	155
10. Önnur matarhrogn "	100	118	116
11. Saltsíld, venjuleg	100	134	91
12. " sérverkuð	100	102	128
13. Síldarlýsi	100	124	173
14. Fiskimjöl	100	94	131
15. Síldarmjöl o. fl.	100	140	189
Meðaltöl	100	116	136
Útflutningur alls	100	112	132

Reykjavík, 28. ágúst 1965.

Á hverju ári, þegar gamlir kjarasamningar renna út og hafizt er handa um að gera nýja, spyrja atvinnurekendur og verkafólksforingjar sjálfa sig og aðra æfinlega sömu spurninganna: Hvernig hefur launapróunin verið síðastliðið ár, hvert er raunverulegt tímakaup í hinum ýmsu atvinnugreinum nú, og hve langur er vinnutíminn? Þessum spurningum hefur aldrei verið hægt að svara á þann hátt, að fullnægjandi sé, vegna þess að hér á landi er enginn aðili, sem safnar reglulega upplýsingum um vinnulaun og vinnutíma. Nýja kjarasamninga er mjög erfitt að gera nema ljóst sé, hvernig ástandið í launamálum raunverulega er, þegar samninga á að gera, enda verja samtök atvinnurekenda í Noregi og Danmörku miklu fé árlega til þess að framkvæma launa- og vinnutímaútreikninga, sem bæði samtök launþega og ríkisvald bera fullt traust til og notfæra sér niðurstöður þeirra eftir þörfum.

Hér á landi hefur sú leið verið valin að fela samstarfsnefnd atvinnurekenda og launþega, Kjararannsóknarnefnd, sem hefur það hlutverk að auðvelda lausn kjaradellna, að vinna að framkvæmd slíkrar skráningar á launum og vinnutíma, þ.e.a.s. að gera launastatistik á grundvelli tímakaups. Niðurstöður útreikninganna verða síðan birtar í riti nefndarinnar, og verður það sent samtökum atvinnurekenda og launþega, sem geta notað það við gerð kjarasamninga, auk þess sem öll fyrirtæki, sem láta nefndinni upplýsingar í té, munu fá ritið sér að kostnaðarlausu.

Kjararannsóknarnefnd hefur ákveðið að leita eftir samvinnu við nokkur fyrirtæki, og þar á meðal yðar. Ef þér, eftir að hafa kynnt yður málavexti, sjáið yður fært að láta nefndinni í té aðstoð yðar við að bæta ástandið á vinnumarkaðnum, þá er þess vænt, að þér sendið henni ársfjórðungslega upplýsingar um vinnutíma og vinnulaun starfsfólks yðar. Hér með er sýnishorn af eyðublaði því, sem þér þurfið að útfylla, ef af samvinnu við nefndina getur orðið.

Eins og þér sjáið, þegar þér athugið eyðublaðið, þá krefst það ekki mikillar vinnu, ef launabókhaldið er í lagi. En ef bókhaldið er ekki skipulagt á þann veg, að hægt sé að afla þessara upplýsinga úr því, án mikillar fyrirhafnar, þá lætur nefndin yður í té ókeypis aðstoð til þess að skipuleggja það, ef þess er óskað.

Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál og ekkert birt annað en meðaltöl, sem ekki verða rakin til eins fyrirtækis. Undirritaður starfsmaður Kjararannsóknarnefndar veitir allar nánari upplýsingar, sem óskað kann að verða eftir. Vinsamlegast kynnið yður meðfylgjandi eyðublað og athugið, hversu mikillar fyrirhafnar af hálfu fyrirtækis yðar útfylling þess krefst.

Undirritaður mun hafa samband við yður síðar og væntir þess, að þér hafið þá komið að raun um, að fyrirtæki yðar sé ekkert að vanbúnaði með að hefja samvinnu við Kjararannsóknarnefnd í þessu þýðingarmikla máli.

Virðingarfyllst,

Þorvarður Elíasson

Launastatistik

Vinnutíminn reiknast frá / til / 19
 að báðum dögum meðtöldum.

Heimili

Verkað fólk og iðnaðarmenn

Nafn	Heimili	Starf	Stéttarfélag	Fréðingarár	T V M A	Umsamin vinnuvika klst.	Vinnutími í klst.			Heildarlaun kaup + orlof (í heilum kr.)
							Dagv.	Eftirv.	Næturv.	
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11

Skýrslu þessa skal útfylla ársfjórðungslega og senda til Kjararannsóknarnefndar,
 Skólavörðustíg 12. Ársfjórðungarnir teljast þannig: Janúar–marz; apríl–júní; júlí–
 september; október–desember. – Vinsamlegast vérlitið skýrsluna.

..... þann 19.....

Undirskrift